



**ORKUSTOFNUN**

**Niðurdæling á Syðra-Laugalandi í Eyjafirði.  
Staða undirbúnings 15. júlí/minnispunktur**

**Guðni Axelsson**

**Greinargerð GAx-97-03**

1997-07-17

## **NIÐURDÆLING Á SYÐRA-LAUGALANDI Í EYJAFIRÐI STAÐA UNDIRBÚNINGIS 15. JÚLÍ / MINNISPUNKTAR**

Undirritaður fór til Akureyrar þann 15. júlí síðastliðinn, ásamt Reyni Böðvarssyni til þess að fara yfir stöðu Niðurdælingarverkefnisins. Fundað var með Franz Árnasyni veitustjóra og nýjum starfsmanni HVA, Árna Árnasyni, sem aðallega mun sinna þessu verkefni. Aðrir lykilmenn (Magnús Finnson, Vignir Hjaltason) voru í fríi. Dæling á að hefjast formlega þann 8. september og virðist undirbúningur þess langt kominn. Nokkur vinna er eftir við frágang skjálftamælistöðva, bæði fyrir rafvirkja á Akureyri og Reyni og menn hans, en allt útlit er fyrir að kerfið verði tilbúið í kringum 25. júlí. Eftir er að tengja rafmagn við dælur á Laugalandi, en RARIK mun sjá um það. Einnig á eftir að ganga frá ýmsu tengdu tölvuvæddum stjórn- og eftirlitsbúnaði. Það er á ábyrgð HVA og RafTákns á Akureyri. Eftirfarandi atriði þarf auk þess að hafa í huga:

1. Franz stefnir að því að prófa kerfið stuttlega, a.m.k. dælubúnað og þ.h., í kringum 25. júlí. Ekki er víst að stjórn- og eftirlitsbúnaðurinn verði tilbúinn þá, því þarf að prófa búnaðinn í heild sinni einhvern tímann í ágúst.
2. Ætlunin er að þrepaðæla í holurnar (LJ-8 og LN-10) nokkrum sinnum meðan á tilrauninni stendur. Skipuleggja þarf hvernig best er að standa að því (strax í upphafi eða seinna, ath. viðkomandi hola þarf að kólna).
3. Hóla LN-10 verður aðal vatnsborðsmælingahólan í prófuninni. Fyrir utan hana verður aðeins hægt að mæla vatnsborð í holu LJ-5, því er mikilvægt að lítið sem ekkert verði dælt úr henni. Hana verður t.d. að nota er dælt verður niður í holu LN-10. Best væri því að mæla vatnsborð í henni allan tímann. Einnig þarf að vera hægt að mæla vatnsborð í holu LN-10 þó verið sé að dæla niður í hana (byggir ekki endilega upp þrýsting).
4. Undirritaður mun í samráði við Magnús Finnson gera einskonar vinnsluáætlun fyrir hitaveituna, þar sem reynt verður að koma málum þannig fyrir að aðallega verði dælt úr holu LN-12 á S-Laugalandi (líka föstu magni). Þessi dæling þarf að hefjast nokkrum vikum fyrir 8. september.
5. Undirritaður mun í samráði við Árna gera nákvæma áætlun um þær mælingar sem ekki verða alsjálfvirkar (aðallega vatnsborð) auk nákvæmrar sýnatökuáætlunar (með GSv).

MÁ EKKI FJARLÆGJA

6. Á einhvern hátt þarf að vera hægt að tékka af hina ýmsu mæla og skynjara sem verða hluti af kerfinu til þess að tryggja að þeir mæli alltaf rétt. Einnig þarf að vera nokkuð til af sömu mælum og skynjurum til þess að nota ef einhverjir þeirra bila (Vignir).
7. Ganga þarf þannig frá hlutunum að viðeigandi mæligögn séu flutt reglulega, eða flytjist sjálfvirkt úr stjórn tölvu í Þórunnarstræti í SUN-tölvu í aðalskrifstofu HVA (Vignir). Síðan þarf að vera hægt að sækja gögnin þangað af Orkustofnun líkt og fyrirhugað er með skjálftagögnin.

*Guðni Axelsson*